

11. júlí.

Árlega skal fræðslunefndin semja og senda hreppsnefndinni áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert. Fræðslunefnd varðveitir það fje, sem veitt er til kenslunnar og ráðstafar því.

Hin árlegu próf skal fræðslunefndin skipa fyrir um í samráði við próf-dómandan þann, sem skipaður er af yfirstjórn fræðslumála, og sjer um, að öll þau börn, sem að lögum eru skyld til að koma til prófs, komi reglulega til ársprófa, og kærir til sekta, ef út af er brotið.

Beiðni um landssjóðsstyrk til barnafræðslunnar semur fræðslunefndin og sendir yfirstjórn fræðlumála ásamt þeim skýrslum og skirteinum, sem yfirstjórnin fyrirskipar.

Rita skal fræðslunefndin í gjörðabók allar ályktanir sínar um fræðslumál hjeradsins, og skal gjörðabókin vera í vörslum formanns nefndarinnar.

Þetta kunngjörir hjer með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júlí 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Reglur

11. júlí.

um kensluáhöld farskóla.

Til þess að farskóli geti orðið aðnjótandi landsjóðsstyrks samkvæmt 22. gr., sbr. 20. gr. laga frá 22. nóvbr. 1908, um fræðslu barna, verður skólinn að hafa þau kensluáhöld að minsta kosti, er hjer segir:

I. Til kenslu í landafræði.

1. Uppdráttur Íslands (eftir Þ. Thoroddsen). 2. Jarðlíkan. 3. Uppdráttur af öllum heimsálfunum.

II. Til kenslu í náttúrusögu:

1. Myndir af líkama mannsins. 2. Myndir af mannkynsflokkunum (5 and-litsmyndir). 3. Myndir af alidýrunum.

III. Til kenslu í eðlisfræði:

1. Segulstál. 2. Glerstöng. 3. Ebonistöng. 4. Hyllimerghskúlur tvær. 5. 11. júlí. 6. 180
1. Segulstál. 2. Glerstöng. 3. Ebonistöng. 4. Hyllimerghskúlur tvær. 5. 11. júlí. 6. Stækkunargler.

Þetta er kunnugt gjört öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júlí 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Auglýsing

81
13. júlí.

um kgl. staðfesting skipulagsskrár fyrir Minningarsjóð Sigríðar Thoroddsen.

31. októbr 1905 var veitt kgl. staðfesting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigríðar Thoroddsen. Skipulagsskrá sjóðsins hefir eigi fyrr verið birt opinberlega, og er hún því auglýst hjer nú.

Stjórnarráð, Íslands 13. júlí 1908.

Minningarsjóður Sigríðar Thoroddsen.

I.

Sjóðurinn á að heita Minningarsjóður Sigríðar Thoroddsen og er stofnaður af Þóru og Þorvaldi Thoroddsen með 3000 kr. stofnfje hinn 26. júlí 1905.

II.

Thorvaldsensfjelagið í Reykjavík skal stjórna sjóði þessum. Stofnfje sjóðsins og það fje, sem við það bætist, skal jafnan ávaxtað í bankavaxtabrjefum eða öðrum opinberum skuldabrjefum, í Söfnunarsjóði Íslands eða á annan fulltryggilegan hátt; þó má eigi lána það einstökum mönnum eða fjelögum og heldur eigi kaupa fyrir það fasteignir. Eignir sjóðsins má eigi veðsetja. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

III.

Af vöxtum sjóðsins skal jafnan leggja $\frac{1}{4}$ — einn fjórða hluta — við höfuðstólinn, en þrem fjórðu hlutum ($\frac{3}{4}$) árlegra vaxta skal varið til hjálpar og hjúkrunar fyrir fátæk, veik stúlkubörn í Reykjavík á þann hátt, sem forstöðunefnd Thorvaldsensfjelagsins þykir bezt henta.